

Aðlaðandi og öruggt umhverfi - Kirkjubraut á Akranesi

Staðsetning



Akranes



Kirkjubraut 11



Bílastæði sem verður breytt



Hugmynd að almenningsrými

Kirkjubraut á Akranesi

Í verkefni 2 var Kirkjubraut á Akranesi valin sem áhugavert göturými. Sú gata var greind og framhliðar byggingarnar fengu einkunnir. Kirkjubrautin er miðbæjargata Akraness og er mikið af fjölbreyttri starfsemi og stofnunum sem standa við götuna. Framhliðar bygginganna við Kirkjubraut eru fjölbreyttar.

Nánast allir sem fara um svæðið eru að stunda nauðsynlegar athafnir, það eru þær athafnir sem við „þurfum“ að sinna s.s. vinna, bið eftir strætó og versla svo eitthvað sé nefnt. Þessar athafnir eiga sér stað allan ársins hring, meira og minna óháð umhverfinu. Eins og staðan er í dag er lítil möguleiki á að stunda félagslegar eða valkvæðar athafnir en það eru þær athafnir sem verða aðeins til ef að umhverfisviðmót er gott eða hverju við mætum í umhverfi okkar. Möguleiki á þeim er einungis á torginu sem er við enda göturýmisins. Mér finnst vanta að göturýmið bjóði upp á lítill rými til þess að gera götuna meiri aðlaðandi og auka þar að leiðandi mannlíf til muna. Mér finnst bílastæðið við Kirkjubraut 11 gott rými til þess að breyta í dvalarsvæði þar sem fólk hefði tækifæri til að dvelja lengur á svæðinu.

Sálfræðileg endurheimt

Sálfræðileg endurheimt snýst um hversu vel fólki tekst að endurnýja andlega, líkamlega og félagslega getu í dagsins önn, en um er að ræða lífsnauðsynlegt ferli og getur umhverfið haft mikil áhrif á hversu hratt og vel þetta ferli gengur.

Forsendan fyrir því að endurheimt eigi sér stað er að í umhverfinu séu þættir sem eru forvitnilegir, þá kallar það fram annarskonar athygli. Ef við skiptum athygli okkar í tvennt, þá er það athygli sem við notum til að kljást við kröfur og áreiti hversdagsins sem við köllum beind athygli. Síðan er það ósjálfráð athygli og er það þessi athygli sem að er löðuð fram af áreitum sem okkur þykir áhugaverð. Þegar ósjálfráð athygli er í gangi þá getur beind athygli ekki verið í gangi og þannig fáum við hvíldina. Í almenningsrýminu á Kirkjubraut var þetta haft í huga. Gróður á svæðinu mun vera fjölbreyttur og þar að leiðandi kallar hann fram þessa ósjálfráða athygli sem er mikilvæg til að endurheimt eigi sér stað.

Hvað einkennir gott almenningsrými

Gott almenningsrými þarf að uppfylla ákveðnar kröfur þannig að rýmið virki vel. Þessar kröfur voru hafðir í huga við endurbætur á bílastæðinu á Kirkjubraut. Það sem þarf að hafa í huga er að:

- Öryggi þarf að vera til staðar, gegn umferð, glæpum og ofbeldi.
- Vörn gegn slæmu veðri, það sé hugað að vindi og skjólmyndun.
- Aðgegni sé gott, þægilegt að ganga, sitja og dvelja á svæðinu.
- Að rýmið bjóði upp á að hægt sé að tala, horfa og upplifa. Það sé lítill hávaðamengun og séu falleg smáatriði og sjónlínur.
- Það sé fjölbreytileiki í notkun bæði dag og kvöld.

Kirkjubraut 11 á Akranesi - Malarbílastæði verður að grænu almenningsrými


Markmiðið er að gera endurbætur á þessu auða malarsvæði sem stendur við Kirkjubraut 11 og hefur síðustu ár verið notað sem bílastæði. Búa til huggulegt almenningsrými með það í huga að svæðið eigi að ýta undir bæði félagslegar og valkvæðar athafnir. Til þess að fólk stundi þessar athafnir þurfa gæði rýmisins að vera réttar. Fólk þarf að geta setið og notið þess að vera á svæðinu, borðað eða leikið sér. Því verður á svæðinu nóg af bekkjum meðfram öllu gróðurbeðinu, einnig borð og stólar sem hægt er að tilla sér og panta sér mat frá Gamla Kaupfélaginu sem stendur við hliðina á bílastæðinu. Timburpallur verður í hægra horni rýmisins sem býður uppá að hægt sé að halda viðburði, t.d tónleika eða leiksýningu. Í almenningsrýminu á að vera mikill gróður, bæði há tré sem veita ákveðna umlykingu og lægri gróður til að bæta yfirsyn. Gróðurinn við göngustíginn/götuna skilur rýmið frá þeirri bílaumferð sem er nokkuð mikil á götunni og gefur þar að leiðandi rýminu ró frá því áreiti sem er að einhverju leiti. Fólk á að geta gengið í gegnum rýmið eða dvalið á því og upplifað í leiðinni endurheimt.



Svæðið fyrir breytingar



Svæðið eftir breytingar



Svæðið séð að ofan